

skiptaverðmæti við landanir erlendis. Bætur þessar skal greiða inn á reikning hvers skips hjá Stofnfjár sjóði fiskiskipa, sbr. lög nr. 4 13. febrúar 1976, og koma þær ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Um ákvörðun gjaldstoðs og greiðslur fer á sama hátt og um greiðslur í Stofnfjár sjóð, eftir því sem við getur átt.

II

Á árinu 1984 skal framlag ríkissjóðs skv. ákvæðum 2. töluliðar 1. mgr. 9. gr. laganna renna til áhafnadeildar sjóðsins til þess að deildin geti aukið greiðslur fæðispeninga og greitt úr fjárhagsörðugleikum sjómanna sem upp kynnu að koma vegna þess að útgerð skipa stöðvast vegna aflabrests og hinna nýju reglna um stjórn botnfiskveiða á árinu 1984. Sjávarútvegsráðuneytið mun setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Magnús Þ. Torfason.

(L.S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um afnám laga nr. 81 23. desember 1980, um álag á ferðagjaldeyri.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Lög nr. 81 23. desember 1980, um álag á ferðagjaldeyri, falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Magnús Þ. Torfason.

(L.S.)

Albert Guðmundsson.